

9. mars 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 4. mars 2009, sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn), 356. mál.

Með frumvarpi þessu eru með sérstöku tilliti til nýlegra atburða lagðar til breytingar á hlutafélagalögum og einkahlutafélagalögum sem snerta eignarhald, kynjahlutfall, þ.e. í stjórnnum, meðal framkvæmdastjóra og starfsfólks, og starfandi stjórnarformenn. Þannig er lagt til að auka gagnsæi á eignarhaldi og atkvæðisrétti hluthafa, að stuðla að jafnari hlutföllum kvenna og karla í áhrifastöðum með auknu gagnsæi og greiðari aðgangi að upplýsingum, og að stjórnarformanni hlutafélags verði ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem falla undir eðlileg störf stjórnarformanns.

Seðlabankinn gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Svein Harald Öygard
seðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri